

## Fiskmiðlunartillögur Steingríms:

# Í andstöðu við útvegsmenn sem sjómenn

STEINGRÍMUR Hermannsson, sjávarútvegráðherra, sagði í samtali við Mbl. að í bígð væri frumvarp til laga um miðlun á fiski til þeirra staða innanlands þar sem aflaskortur væri. Bæði útvegsmenn og sjómenn eru mjög andsnúnir slíkum hugmyndum. Steingrímur tiltók, að meðal annars ætti að takmarka siglingar þegar svo háttæði. Einnig ætti að tryggja greiðslu til seljenda fyrir slíkan afla.

— Við sjómenn erum mjög ósammála hugmyndum um fiskmiðlun, sagði Óskar Vigfússon, forseti Sjómannaambands Íslands. Stjórnvöld hafa engan rétt til þess að ráðstafa okkar fólki. Fiskmiðlunin myndi raska kjarasamningum okkar, og stjórnvöld yrðu því að tryggja sjómönnum þann rétt sem þeir hafa í samningum, að þeir hafi kost á að komast í heimahöfn þegar skipin eru í landi, sagði Óskar Vigfússon.

— Útvegsmenn hafa alltaf tekið vel í þær hugmyndir að miðla upplýsingum um markað innanlands fyrir fisk, sagði Kristján Ragnarsson í samtali við Mbl. í gær, líkt og við miðlun upplýsingum um erlenda markað og röðum skipum til löndunar eftir því svo ekki verði árekstrar, og þetta höfum við gert í góðu samráði við viðskiptaráðuneytið. Við erum tilbúnir að gera það sama innanlands, verði það tryggt að greiðsla fáiast fyrir aflann. Hitt er af og frá að við ljáum máls á einhverjum þvingunum í þessu sambandi. Við munum aldrei fallast á slíkt. En við höfum orðið við ósk ráðuneytisins að tilnefna mann í nefnd sem á að ræða þessi mál á næstu vikum, sagði Kristján Ragnarsson.

## 40–50% hækkunarbeiðnir hjá verðlagsyfirvöldum

Á MILLI 40 og 50 hækkunarbeiðnir liggja til afgreiðslu hjá verðlagsyfirvöldum nú þegar sonefnd hert verðstöðvun er að ganga úr gildi, sem á að verða 1. maí. Hjá Verðlagsstofnun liggja rúmlega 30 beiðnir og hjá gjaldskrárnefnd ríkisstjórnarinnar liggja líðlega 10 beiðnir til athugunar.

Gjaldskrárnefndin mun einhvern næstu daga fara yfir beiðnir frá opinberum fyrirtækjum og gefa ríkisstjórninni álit, en hún hefur lokaorðið um hve miklar hækkunarbeiðnir verða leyfðar. Enginn fundur hefur verið boðaður í Verðlagsráði til að fjalla um erindi sem fyrir ráðinu liggja en þess er vænst að fundur verði boðaður í næstu viku.

Samkvæmt samkomulagi milli ríkisvaldsins og verkafélagsforystunnar eiga opinberar hækkunarbeiðnir að taka gildi 10 síðustu daga fyrir útreikning vísitölu og bætast við kaup næsta mánuð á eftir. Nánast engar líkur eru til þess að ríkisstjórnin ákveði hækkunarbeiðnir á opinberri þjónustu í þessum mánuði en það hefur gerst nokkrum sinnum áður í tíð núverandi ríkisstjórnar að ekki sé farið eftir samkomulaginu.

Sem fyrr segir liggja nú líðlega 10 hækkunarbeiðnir frá opinberum fyrirtækjum til athugunar hjá

gjaldskrárnefnd. Þessar eru helst: Landsvirkjun 42,5%, Póstur og sími 37%, Hitaveita Reykjavíkur 43%, Rafmagnsveitur ríkisins og Rafmagnsveita Reykjavíkur rúmlega 20%, Strætisvagnar Reykjavíkur 40% og Skipaútgærd ríkisins 35%.

Hjá Verðlagsráði liggja eftirtaldir beiðnir um hækkunarbeiðnir: Sement 19%, sandur og mól 15%, steypa án sements 15%, skipafélögin 19 og 30%, saltfiskur 30%, brauð 7,7–21%, niðursóðid fiskmeti 13,8–18,3%, egg 20%, svínakjöt 25%, dósir 15%, skór (lúnn) 13%, sælgæti (Linda) 10%, maiskorn 2,2%, framleiðsluvörur Rafha 6,5%, efnagerðarvörur (Record) 2,2–70%, kolsýra 11,3%, hreinlætisvörur 5,3%, plastumbúðir 7,2%, einkennisfatnaður (Últíma) 6%, olíufarmgjöld innanlands (SIS) 65%, vinnuföt (SÍS) 15%, rafmagnsvörur o.fl. (Plastmótun) 8%, taxti Félags dráttar

brauta og skipasmíða 20%, bón og þvottur (Bliki) 15%, aðgöngumiðar vínveitingahúsa 38% og enn fremur beiðni um hækkun álagningar á innfluttar mat- og vefnaðarvörur, krónutölulagningar í verðlagsákvæðum til samræmis við verðlagshækkunar- og afgreiðslugjald vegna vöruúttektar í smásöluverzlun. Elzta beiðnin er frá 18. desember sl.

## Óhemju mikill afli hjá Norðfjarðartogurum

Neskaupstað, 21. apríl. ÓHEMJU veiði er nú hjá togurum og hefur verið að undanfögnu. Til marks um það má nefna að Birtingur kom inn í morgun eftir þriggja daga útivist með 170 tonn. Þarði kom inn á páskadag með 190 tonn og Bjartur varð að landa í Færeyjum með fullfermi þar sem ekki hefst undan að vinna aflann hér.

Segja má að síðan um áramót hafi ekki brugðist einn einasti túr, eftir 5 til 7 daga eru togarnir komnir inn með fullfermi. Hér hefur verið unnið alla daga fram á kvöld og allar helgar og var unnið um páskana nema einn dag. Gripid var til þess ráðs að láta Bjart landa í Færeyjum til að létta á vinnu hér, því mannskapurinn hafði ekki undan. Ekki hefur verið mikil veiði hjá smábátunum og grásleppukarlarnir hafa ekkert aflað ennþá. Einstök veðurblíða hefur verið hér síðasta hálfan mánuðinn og hitinn verið allt upp í 15 til 17 stig.

Ásgeir.

## Gunnar til Svíþjóðar

RÍKISSTJÓRN Svíþjóðar hefur boðið Gunnari Thoroddsen forsætisráðherra og konu hans, frú Völu Ásgeirsdóttur, að koma í opinbera heimsókn til Svíþjóðar, dagana 7.–10. maí nk. og hafa þau þegið boðið, segir í frétt frá forsætisráðuneytinu.



Á lönduveiðum.



Ólafur G. Einarsson



Þorvaldur Garðar Kristjánsson

### Sjálfstæðisflokkurinn:

## Almennir stjórn mála fundir á Ísafirði, Súðavík og Bolungarvík

FULLTRÚARÁÐ sjálfstæðisfélaganna á Ísafirði heldur almennan stjórn mála fund á morgun, föstudag, í Sjálfstæðishúsinu.

Ræðumenn verða þeir Ólafur G. Einarsson formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins og Þorvaldur Garðar Kristjánsson þingmaður Vestfirðinga og munu þeir fjalla um stjórn málaástandið.

Fundurinn er öllum opin og hefst klukkan 20.30.

Á laugardag er síðan fundur sömu aðila í samkomusal Frosta á Súðavík, og hefst hann klukkan 16.30, og á sunnudag verða þeir Ólafur og Þorvaldur Garðar á fundi í Bolungarvík. Verður hann í Félagsheimilinu og hefst klukkan 16.


## Lenti í áflogum eftir dansleik

LÖGREGLAN í Vestmannaeyjum hélt í gær áfram rannsókn vegna sjómansins, sem fannst meðvitundarlaus í húsgarði við Heiðarveg í Vestmannaeyjum í fyrramorgun, og vr fluttur á gjörgæzludeild Borgarspítalans.

Komið hefur í ljós, að maðurinn, sem er 25 ára, lenti í átökum við

samkomuhúsið að dansleik loknum. Sá, sem lenti í átökunum, hefur við yfirheyrslur hjá lögreglunni haldið því fram, að um minniháttar áflog hafi verið að ræða.

Maðurinn liggur eins og áður sagði á gjörgæzludeild Borgarspítalans og er líðan hans óbreytt samkvæmt upplýsingum Mbl.



Eiríkur Smith við eitt verka sinna.

## Eiríkur Smith á Kjarvalsstöðum

EIRÍKUR Smith opnar í dag klukkan 15 málverkasýningu á Kjarvalsstöðum. Þar sýnir Eiríkur 114 verk í Kjarvalssal, olíuverk og vatnslitamyndir og einnig 20 litteikningar úr þjóðsögum okkar, sem Eiríkur hefur unnið fyrir bókauktágu Ólivers Steins í Hafnarfirði.

Eiríkur hélt síðast stóra sýningu á Kjarvalsstöðum árið 1976, og eru myndirnar á þessari sýningu allar frá síðustu fjórum árum. Sýning Eiríks Smith stendur til 10da maí og er opin daglega frá klukkan 14–22, en í dag, sumardaginn fyrsta, opnar sýningin semsé klukkan 15.